

semða-dálkinum í forminu, sem ofan nefndur úrskurður hefir mælt fyrir um, sè skýrt frá því, sem þèr hafð vakið máls á.

1869.

9. marz.

**22. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um skipting á Eyjafjallahrepp í tvo hreppa.**

9. marz.

Með bréfi dagsettu 28. ágústmán. f. á. hafð þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá, þar sem tveir prestar og tveir hreppstjórar í Eyjafjallahrepp í Rangárvallasýslu sækja um, að tæðum hrepp verði skipt í tvo hreppa, er hvor hafi sín fátækramálefni og sinn þingstað útaf fyrir sig. Hafð þèr skýrt frá, að óskin um, að hreppnum verði skipt, hafi kviknað í vesturhluta hans, það er að segja í Holts og Stóradals sóknum, en aptur mæli austurhlutinn, Eyvindarhóla, Skóga og Steina sóknir fastlega á móti þessari skiptingu. En samkvæmt skýrslum þeim, sam þèr hafð fengið um málefnið, verði þèr samt að álíta mjög vel til fallið, að hreppnum verði skipt, því að mörg atvik sè til þess — þèr hafð einkum tekið fram hinn mikla fólksfjölda, yfir 1100 manns, stærðina á hreppnum, óánægju og flokkadrátt meðal hreppsúa í hvorum hluta hreppsins fyrir sig, og loksins fátæktina — að það skipulag, sem nú er á sveitarstjórninni gjörast óhagfelt, eins og það líka virðist sanngjarnt, að eystri hlutinn beri sjálfur þyngslin af fátæktinni, sem þar er altaf að fara í vöxt, og að nokkru leyti er því að kenna, að hreppsúar þar skipta jörðunum í smábýli meir en góðu hófi gegnir. Þèr hafð enn fremur sagt álit yðar um, eptir hvaða hlutfalli ætti að skipta eigum og skuldum hreppsins, ef þar að kæmi, því um það hefir ekki orðið komið á neinu samkomulagi milli beggja hluta hreppsins, heldur en um sjálfa skiptinguna á honum, og um þingstaðinn, sem þeir eiga saman og er í Steina sókn, hafð þèr getið þess, að eptir því, sem samizt hefir þar um, geti að eins orðið umtalsmál að



1869.  
9. marz.

skipta verðinu á timbrinu í hellinum, sem er hafður fyrir þinghús. Af þessum ástæðum hafð þér lagt fram með :

- 1) að Eyjafjallahrepp verði skipt í tvo hreppa, er hvor um sig eptirleidis verði þingsókn útaf fyrir sig, skuli annar þeirra heita Vestur-Eyjafjallahreppur og hinn Austur-Eyjafjallahreppur, og að í Vestur-Eyjafjallahrepp verði Stórads og Holts sóknir og í Austur-Eyjafjallahrepp Steina, Eyvindarhóla og Skóga sóknir eptir hinum náttúrlegu takmörkum milli sókna þessara;
- 2) að skiptingin fari fram með fardögum 1871 og fái fullt gildi frá þeim tíma;
- 3) að öllum skuldbindingum og sveitarþyngslum, sem hvíla á hreppnum, sem nú er, og öllum eigum hans verði þá skipt niður á báða nýju hreppana eptir hlutfallinu 4 : 3, þannig að Vestur-Eyjafjallahreppur hljóti  $\frac{4}{7}$  af þeim og Austur-Eyjafjallahreppur  $\frac{3}{7}$ ;
- 4) að þurfamönnum þeim, sem hafa áunnið sér framfærslurätt í hreppnum í einu lagi, skuli skipt niður á báða hreppana eptir því hlutfalli, sem nú var sagt, og að eins verði farið að um þá, sem ekki eru enn þá þurfandi fyrir fátækrastrýk, en sem eiga, eða, ef skiptingin hefði ekki farið fram, hefðu áunnið sér framfærslurätt í hreppnum í einu lagi, af því að þeir höfðu áunnið sér þennan rätt annaðhvort með lögboðinni samfleyttri dvöl í honum eingöngu, áður en skiptingin fór fram, eða með samfleyttri dvöl í honum og, eptir skiptinguna, í öðrum hvorum nýju hreppana, eða loks af því að þeir eru fæddir í hreppnum óskiptum fyrir fardaga 1871, ef að þeir síðar meir kynnu að verða þurfandi fyrir fátækrastrýk, og þeir, áður en það bar að höndum, ekki hafa áunnið sér framfærslurätt annaðhvort í öðrum hvorum nýju hreppana eður annarstaðar.
- 5) að þinghúsið handa Vestur-Eyjafjallahrepp verði byggt á hans eigin kostnað á jörðinni Hvammi; og
- 6) að allt það sem snertir félagsskap beggja nýju hreppana, meðan hann getur átt sér stað samkvæmt skiptingar-



skilmálunum, skuli útkljáð á sameiginlegum fundi með hreppstjórunum úr báðum nýju hreppunum.

1869.

9. marz.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörðið það, að stjórnarráðið, samkvæmt skýrslum þeim, sem bréf yðar hefir inni að halda, fellst hér með á tillögur yðar hér að framan.

**23. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi og amtmannsins yfir vesturumdæminu, um skil og reikninga fyrir sýslugjöldum.**

9. marz.

Útaf því að amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu hefir borið þá fyrirspurn upp fyrir stjórnarráðinu, hverjar ráðstafanir eigi að gjöra af amtsins hálfu til lúkningar á því, sem eptir stendur hjá sýslumönnunum samkvæmt reikningum þeirra um tekjur ríkissjóðsins, hefir stjórnarráðið í dag álitit tilefni til að mæla svo fyrir við tæðan embættismann, að þegar slíkt beri við, þá skuli hann setja þeim, sem í hlut á, mátulega stuttan frest til þess að borga skuldina, og gefa honum um leið í skyn, að ef hann láti þenna frest líða hjá, þá muni amtið víkja honum um stund úr embætti hans þannig, að sá, sem settur verður í hans stad, fái helminginn af tekjum embættisins, og sè skyldur til að ráðstafa hinum helmingnum til lúkningar á skuldinni, áður en hann megi borga embættismanninum, sem vikið hefir verið frá, nokkuð af honum. Þar að auki hefir stjórnarráðið sömuleiðis lagt á við greindan amtman að brýna fyrir öllum sýslumönnunum í umdæmi því, sem hann er settur yfir, að þeir eigi að vera búnir að senda sýslureikningana í síðasta lagi fyrir 31. maímán. á hverju ári, og að útaf því megi ekki bregða, en skyldi nokkur samt sem áður láta þenna ákveðna tíma hjá líða, þá skuli þröngva þeim, sem í hlut, til að senda reikninginn, með hæfilegum sektum, er amtið á kveður.

Jafnframt og yður er kunngjört það, sem hér er að framan,